



Sviðsmyndir og sjónhverfingar

- leikmyndir Steinþórs Sigurðssonar í lönó



Sviðsmyndir og sjónhverfingar

– leikmyndir Steinþórs Sigurðssonar í Iðnó

Fáir leikmyndateiknarar hafa markað jafn djúp spor í sögu Leikfélags Reykjavíkur og Steinþór Sigurðsson. Steinþór varð aðalleikmyndateiknari – eða leiktjaldamálari eins og það hét þá – félagsins á sjöunda áratugnum. Leikmyndir hans vöktu snemma athygli og aðdáun, ekki síst fyrir fjölbreytni, vald hans á ólíkum stíltegundum og snilldarlega nýtingu á sviðinu í Iðnó. Steinþór stundaði listnám við Konstfackskolan í Stokkhólmi á árunum 1950-1955 með leikmyndagerð sem hliðargrein, dvaldi við nám á Spáni um hríð og sótti námskeið hjá tékkanum Josef Svoboda í Noregi. Eftir heimkomuna sneri hann sér að kennslu og myndlist.



Steinþór tekur við Stefánústyrknum 1979.

Árið 1959 hóf Steinþór að gera leikmyndir og búninga hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Aðstaða til leikmyndagerðar var þá mjög ófullkomin hjá félaginu, leikmyndir voru að miklu leyti smíðaðar á sviðinu og geymdar í skúr á Tjarnarbakkanum eða breitt yfir þær í portinu. Síðar batnaði aðstaðan þó nokkuð, vinnurými fékkst utan hússins og var leikmyndin við *Sjóleiðin til Bagdad* eftir Jökul Jakobsson sú fyrsta sem þar var unnin. Þó hlaut ávallt að reyna mjög á hugkvæmni og útsjónarsemi leikmyndahöfundarins og í því átti Steinþór fáa, ef nokkurn sinn líka. Hann starfaði samfelld með LR í rúm fjörutíu ár, síðast í Borgarleikhúsinu, auk þess sem hann hefur gert leikmyndir fyrir Þjóðleikhúsið, Leikfélag Akureyrar, Nemendaleikhúsið, Íslensku óperuna, ýmsa sjálfstæða hópa, áhugahópa á landsbyggðinni og leikhús erlendis.

Jafnframt leikhússtarfinu hefur Steinþór stundað myndlist. Hans viðhorf er þó annað gagnvart hlutverki leikmyndateiknarans sem hann telur að eigi að vera sveigjanlegur í stíl og hlusta á sjónarmið leikstjóra og höfundar. Í verkum hans fyrir leikhús má greina öll möguleg stílbrigði. Steinþór leggur mikla áherslu á notagildi leikmyndarinnar og að hið sjónræna sé í reynd aukaatriði í samburði við það hvernig leikmyndin nýtist leiknum. Má segja að þetta sjónarmið sé í góðu samræmi við þá strauma sem voru uppi á árunum 1950 – 1970, svo sem hið „fátæka leikhús“ Grotowskis og hið „auða rými“ Peters Brook.

Árið 1972 hlaut Steinþór Silfurlampann, viðurkenningu Félags íslenskra leikdómara, og nokkrum árum síðar styrk úr Minningarsjóði frú Stefáníu Guðmundsdóttur. Var það í fyrsta skipti sem þessar viðurkenningar voru veittar leiklistarmanni sem var ekki leikari. Silfurlampann fékk Steinþór fyrir leikmyndir sínar í sýningum Leikfélags Reykjavíkur á *Dóminó* Jökuls Jakobs-sonar, *Plóg og stjörnum* eftir Sean O'Casey og *Útilegumönnum* Matthíasar Jochumssonar.

Leikmyndir og búningar eftir Steinþór Sigurðsson

Almansor konungsson - 1965

Höfundur: Ólöf Árnadóttir - Leikstjórn: Helgi Skúlason

Biedermann og brennuvargarnir - 1962

Höfundur: Max Frisch - Leikstjórn: Baldvin Halldórsson

Brunnir kolskógar - 1964

Höfundur: Einar Pálsson - Leikstjórn: Helgi Skúlason

Dúfnaveislan - 1966

Höfundur: Halldór Laxness - Leikstjórn: Helgi Skúlason

Dökku fiðrildin - 1995

Höfundur: Leena Lander - Leikstjórn: Eija-Elina Bergholm

Fjalla-Eyvindur - 1967

Höfundur: Jóhann Sigurjónsson - Leikstjórn: Gísli Halldórsson

Grámann - 1965

Höfundur: Stefán Jónsson - Leikstjórn: Helga Bachmann

Herför Hannibals - 1971

Höfundur: Robert Sherwood - Leikstjórn: Helgi Skúlason

Hús Bernörðu Alba - 1966

Höfundur: Federico Garcia Lorca - Leikstjórn: Helgi Skúlason

Indíanaleikur - 1967

Höfundur: René De Obaldia - Leikstjórn: Jón Sigurbjörnsson

Írlandskortið - 1982

Höfundur: Brian Friel - Leikstjórn: Eyvindur Erlendsson

Kviksandur - 1961

Höfundur: Michael Vincente Gazzo - Leikstjórn: Helgi Skúlason

Lífsháski - 1978

Höfundur: Ira Levin - Leikstjórn: Gísli Halldórsson

Lík til sölu - 1965

Höfundur: Dario Fo - Leikstjórn: Christian Lund

Makbeð - 1977

Höfundur: William Shakespeare

- Leikstjórn: Þorsteinn Gunnarsson

Orfeus og Evridís - 1969

Höfundur: Jean Anouilh - Leikstjórn: Helga Bachmann

Ótemjan - 1981

Höfundur: William Shakespeare

- Leikstjórn: Þórhildur Þorleifsdóttir

Plógur og stjórnur - 1971

Höfundur: Sean O'Casey - Leikstjórn: Alan Simpson

Saga úr dýragarðinum - 1964

Höfundur: Edward Albee - Leikstjórn: Erlingur Gíslason

Skjaldhamrar - 1975

Höfundur: Jónas Árnason - Leikstjórn: Jón Sigurbjörnsson

Straumrof - 1977

Höfundur: Halldór Laxness

Leikstjórn: Brynja Benediktsdóttir

Til Damaskus - 1953

Stúdentaléikhúsið í Stokkhólmi

Undir álminum - 1981

Höfundur: Eugene O'Neill - Leikstjórn: Hallmar Sigurðsson

Útilegumennirnir - Skugga Sveinn - 1972

Höfundur: Matthías Jochumsson

Leikstjórn: Sveinn Einarsson - Leikgerð: Sveinn Einarsson

Vanja frændi - 1964

Höfundur: Anton Tsjékov - Leikstjórn: Gísli Halldórsson

Valmúinn springur út á nóttunni - 1978

Höfundur: Jónas Árnason - Leikstjórn: Þorsteinn Gunnarsson

Volpone - 1973

Höfundur: Ben Jonson - Leikstjórn: Steindór Hjörleifsson

Leikgerð: Stefan Zweig

Þið munið hann Jörund - 1970

Höfundur: Jónas Árnason - Leikstjórn: Jón Sigurbjörnsson

Ævintýri á gönguför - 1964

Höfundur: J. C. Hostrup

- Leikstjórn: Ragnhildur Steingrímsdóttir

Óþekkt verk eftir Strindberg - 1954

Stúdentaléikhúsið í Stokkhólmi



LEIKMINJASAFN ÍSLANDS